



21. mars 2022

MSS22030171

Lagt fyrir fund öldungaráðs 4. apríl 2022

Efni: Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar vegna umsókna í Framkvæmdasjóð aldraðra

Umsögn vegna umsókna Sjómannadagsráðs í Framkvæmdasjóð aldraðra:

1. Umsókn um styrk vegna endurbóta á rafmagnstöflum og raflögnum Hrafnistu Laugarási.
2. Umsókn um styrk vegna endurnýjunar á lyftum Hrafnistu Skógarbæ.
3. Umsókn um styrk vegna endurnýjunar á þaki A-álmu Hrafnistu Laugarási.
4. Umsókn um styrk vegna endurbóta á vaktherbergjum Hrafnistu Laugarási.
5. Umsókn um styrk vegna endurbóta innanhúss á G-álmu Hrafnistu Laugarási.
6. Umsókn um styrk vegna endurbóta innanhúss á Hrafnistu Laugarási.
7. Umsókn um styrk vegna endurbóta innanhúss á Hrafnistu Skógarbæ.
8. Umsókn um styrk vegna endurnýjunar á sjúkrakallkerfi Hrafnistu Skógarbæ.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar á grundvelli laga um málefni aldraðra. Sjóðnum er ætlað að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land og skal fé úr honum varið til byggingar stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagdvala, að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar á slíku húsnæði og til viðhalds húsnæðis dagdvalar-, dvalar- og hjúkrunarheimila, auk annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Nánar er kveðið á um hlutverk sjóðsins í reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 468/2014.

Verkefnin sem hér um ræðir varða eðlilegar endurbætur sem eru jafnframt nauðsynlegar svo að starfsemin geti haldið áfram í húsinu. Öldungaráð Reykjavíkurborgar sér því ekkert því til fyrirstöðu að verkefnin hljóti styrk úr Framkvæmdasjóði aldraðra.